

Fjórði fundur Delta - deildar starfsárið 2016 - 2017, haldinn í húsnæði Vinnumálastofnunar, föstudaginn 10. mars, kl. 17.30.

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir og Ásta Egilsdóttir.

Forföll boðuðu: Jónína Eiríksdóttir, Þórunn Reykdal, Sóley Sigurpórsdóttir, Gyða Bergþórsdóttir, Brynja Helgadóttir, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Dagný Emilsdóttir, Inga Stefánsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Kristín Thorlacius, og Ingibjörg Konráðsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Guðlaug Sverrisdóttir formaður setti fund og bauð félagskonur velkomnar. Ásta kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi og að því loknu var nafnakall.
2. Theódóra dreifði félagsskírteini DKG að beiðni Sóleyjar til þeirra félagskvenna sem áttu eftir að fá þau.
3. Ásta las fundargerðir 2. og 3. fundar og voru þær samþykktar.
4. Rætt um væntanlegt landsþing DKG, skráninguna á það og greiðslu gjaldsins. Skráningarfrestur er til 3. apríl og fer hún fram með því að greiða ráðstefnugjaldið inn á reikning samtakanna.
Átta félagskonur úr Delta deild hafa boðað komu sína á þingið að þessu sinni eða þær Guðlaug Sverrisdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Jónína Eiríksdóttir og Ásta Egilsdóttir.
5. Fyrirlestur Hrafnhildar Tómasdóttur, sviðsstjóra ráðgjafa- og vinnumiðlunarsviðs Vinnumálastofnunar var næstur á dagskrá.
Hrafnhildur fór í stuttu máli yfir hlutverk og verkefni Vinnumálastofnunar en stofnunin fer m.a. með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysisstryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa auk annara vinnumarkaðstengdra verkefna. Eitt helsta markmið starfseminnar er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði en stofnunin rekur níu þjónustuskrifstofur í kringum landið þar sem atvinnuleitendur geta m.a. fengið mat á færni, ráðgjöf og úrræði í sinni atvinnuleit. Vinnumálastofnun á gott samstarf við skólakerfið og stofnanir á borð við VIRK starfsendurhæfingajónustu.

Aðalgerindi Hrafnhildar fjallaði um samnorrænt þróunarverkefni UNGA IN I NORDEN eða "Áhersla á ungmenni á Norðurlöndum" sem er á vegum Norrænu ráðherra- nefndarinnar og Vinnumálastofnunar á aðild að. Í bæklingi um verkefnið segir m.a.:

Verkefninu er sérstaklega ætlað að styðja ungmenni sem þjást af eða eru í áhættuhópi vegna geðrænna vandamála, þá einkum með hliðsjón af aðstæðum þeirra í skólakerfinu og árangri þeirra á vinnumarkaði og við að sjá sér farborða, þegar þar að kemur. Annar mikilvægur þáttur í verkefninu er snemmbær taka lífeyris og örorkubóta vegna geðrænna vandamála á meðal ungmenna en aukning geðrænna vandamála meðal ungmenna er talið eitt alvarlegasta lýðheilsuvandamálið sem samfélagið á Norðurlöndunum stendur frammi fyrir. <http://nordicwelfare.org/PageFiles/36675/tilloqur-iceland.pdf>

Hrafnhildur sagði frá svonefndum NEET-hópi en það er *sundurleitur hópur ungmenna á aldrinum 16 til 24 ára á Norðurlöndum sem eiga það á hættu að lenda varanlega utangarðs í samfélaginu. (NEET = Not in Education, Employment or Training). Hópurinn telur allt að 6*

- 12 % ungmenna á þessu aldursbili og glímir hann við fjölþættan vanda en orsakir hans geta verið brottfall úr framhaldsskóla, taugageðrænar hamlanir, lestrar- og skriftarörðugleikar, þunglyndi, misnotkun, erfiðar og skaðlegar heimilisaðstæður og fjölmargt fleira. <http://nordicwelfare.org/PageFiles/36675/tillogur-iceland.pdf>

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefnum <http://nordicwelfare.org/>
<http://nordicwelfare.org/Projekt/Unga-i-Norden/>

Hrafnhildur benti einnig á verkefnið In Focus sem fyrirmýndarverkefni á þessu sviði.
<http://nordicwelfare.org/Publications/Temahaften/In-Focus---Mental-Health-among-Young-People/>

Góður rómur var gerður að erindi Hrafnhildar og spunnust umræður um málefnið í kjölfar hans.

6. Guðlaug færði Hrafnhildi rós um leið og hún þakkaði henni fyrir hennar framlag til fundarins.
7. Guðlaug ræddi um þá ætlan landsambandsstjórnar DKG að veita konu eða konum viðurkenningu á komandi landssambandsþingi fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna. Gaf hún Sigrúnu orðið um málefnið en mælst hafði verið til við Sigrúnu að hún legði til á fundi Delta deildar að deildin sameinaðist um að tilnefna Eygló Björnsdóttur fyrir hennar framlag til DKG. Var það samþykkt og mun Sigrún semja rökstuðning með tilnefningunni og senda til Guðlaugar sem kemur málinu áfram til landsambandsstjórnar.
8. Guðlaug sagði frá því að Aníta Jónsdóttir formaður Betadeildar hafi fengið styrk úr einstaklingshluta Lucile Cornetet sjóðsins (Cornetet Individual Professional Development Award). Í framhaldi af því spunnust umræður um þá styrki sem í boði eru hjá DKG og mælti Sigrún sérstaklega með leiðtoganámskeiðum í Austin, Texas en þau eru meðlimum að kostnaðarlausu. Ákveðið var að Ásta setti saman yfirlit yfir styrktarsjóði DKG og dreifði því á næsta fundi.
9. Sigrún minnti okkur á að Deltadeildin á 30 ára afmæli á þessu ári. Guðlaug þakkaði henni fyrir áminninguna og sagði að á næsta fundi gæfist gott tækifæri til að ræða hvað við hvað við gætum gert í tilefni afmælisins
Næsti fundiur verður haldinn að Lambalæk 31. mars - 1. apríl 2017 þar sem á dagskrá er annars vegar hópvinna um starfsemi Deltadeildar og hins vegar sjálfsstyrkingarnámskeið sem Inga Stefánsdóttir mun sjá um.
10. Happraðttinu var frestað til næsta fundar þar sem vinningshafi síðasta fundar átti ekki heimangengt að þessu sinni og því var enginn vinningur á staðnum.
11. Guðlaug sleit fundi kl.19.30 en að því loknu fóru félagskonur á Kringlukrána þar sem þær snæddu kvöldverð og áttu góða stund saman áður en haldið var heim á leið. Heimleiðin reyndist hluta hópsins lengri en venjulega þar sem rúmlega klukkurstundar bið beið þeirra í hávaðaroki á Kjalarnesi sem var lokað vegna foks af völdum veðurs. En heim komumst við allar sælar og sáttar eftir afar góðan fund.

Ásta Egils
Ritari Deltadeildar 2016 - 2017